

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2021

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna), 135. mál**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum þar sem lagt er til að verkfallsréttur lögreglumanna verði endurreistur. Bandalagið hefur áður skilað inn umsögn vegna samskonar þingmáls, sbr. 68. mál á 150. löggjafarþingi, og vísar til umsagnar sinnar um málið, dags. 2. desember 2019.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson  
lögfræðingur



## TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2021

**Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögregluglögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna), þskj. 136 — 135. mál.**


Tollvarðafélag Íslands (TFÍ) vill með bréfi þessu senda inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögregluglögum. TFÍ hefur áður sent inn umsögn um málið og vísar með því til fyrri umsagnar félagsins, sbr. þskj.500-372 mál, er sent var Nefndasviði Alþingis 20. janúar 2015.

Stjórn TFÍ fagnar framlagningu frumvarpsins og bendir jafnframt á að samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hafa tollverðir, líkt og lögreglumenn, ekki verkfallsrétt. Í 22. gr. segir m.a. að tollverðir teljast, líkt og lögreglumenn, embættismenn samkvæmt lögum þessum. Í 40. gr. laganna segir, *“embættismönnum er óheimilt að efna eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum”*.

Í ljósi ofangreindra ákvæða laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins má velja því upp hvort nægilegt sé að fella brott 31. gr. lögregluglaga til að ná fram markmiði um að virkja verkfallsrétt lögreglumanna.

TFÍ leggur því til að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði breytt svo tollverðir njóti einnig þeirra réttinda að hafa verkfallsrétt og að sama skapi leiki ekki vafi á verkfallsrétti lögreglumanna.

F.h. stjórnar TFÍ

  
Birna Friðfinnsdóttir, formaður